

10. gr.

Leiðbeiningar þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi leiðbeiningar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra, nr. 121 23. mars 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. mars 1991.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

15. mars 1991

Nr. 121

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 327/1990,
um tollafgreiðslu hraðsendinga.**

1. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningsmiðlari ákveður fjárhæð ábyrgðar sem jafnframt er hámark þeirrar fjárhæðar aðflutningsgjalda sem gjaldfrestur er veittur á innan hvers uppgjörstímabils, sbr. 9. gr. Telji tollstjóri ábyrgðarfjárhæð ófullnægjandi má hann ákveða lágmark hennar. Ábyrgð skal vera ótímabundin og uppsegjanleg af hálfu ábyrgðaraðila með ábyrgðarbréfi til viðkomandi tollstjóra. Uppsögn ábyrgðar tekur ekki gildi fyrir en tollstjóri hefur staðfest skriflega að henni hafi verið veitt viðtaka. Uppsögn breytir hvorki ábyrgð varðandi aðflutningsgjöld sem greiðslufrestur hefur verið veittur á fyrir gildistöku ábyrgðar né ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta viðurlaga eða annars kostnaðar. Eftir gildistöku uppsagnar ábyrgðar er tollstjóra óheimilt að tollafgreiða hraðsendingar til viðkomandi flutningsmiðlara samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi:

Við afhendingu hraðsendinga skal flutningsmiðlari afhenda tollgæslunni flugfarmbréf svo og undirfarmskrá þar sem m.a. skal veita upplýsingar um verðmæti, tegund og þyngd vöru. Ríkistollstjóri getur sett nánari fyrirmæli um gerð eyðublaðs fyrir undirfarmskrá og frekari upplýsingar sem þar skulu veittar. Ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, m.a. um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir gilda eftir því sem við getur átt um eyðublaðið og upplýsingar sem þar eru veittar.

3. gr.

1. másl. 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vanti ofangreind tollskjöl eða þeim er í einhverju ábótavant með tilliti til hraðsendingarinnar í heild eða að hluta getur tollgæslan neitað um afhendingu á þeim hluta sendingarinnar sem ábótavant er þar til úr hefur verið bætt, enda sé það gert innan viðkomandi uppgjörstímabils, sbr. 9. gr. Að uppgjörstíma liðnum verður viðkomandi sending að hafa hlotið fullnaðarafgreiðslu áður en afhending er heimiluð.

4. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningsmiðlari skal við fullnaðartollafgreiðslu skila þeim tollstjóra, sem leyfi veitti samkvæmt 3. gr., aðflutningsskýrslu ásamt viðkomandi vörureikningum og öðrum tollskjölum innan 16 daga frá lokum uppgjörstímabils, sbr. 9. gr., og standa honum skil á álögðum aðflutningsgjöldum, sbr. 9. gr.

5. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Uppgjörstímabil vegna hraðsendinga skal vera einn mánuður. Gjaldldagi vegna hraðsendinga sem afhentar hafa verið innan hvers uppgjörstímabils skal vera síðasti dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils eða næsti virki dagur þar á eftir beri hann upp á helgidag eða almennan frídag.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 15. mars 1991.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum um páska helgi 1991.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20.00 26. mars 1991 til kl. 10.00 árdegis 2. apríl 1991 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Arndís Steinþórsdóttir.